

112. fundur skólanefndar ME

Þriðjudaginn 26. febrúar 2013 kl 17:00

Mætt:

Skólanefndarfulltrúar: Ingunn Snædal, Esther Ösp Gunnarsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Sigurður Ragnarsson og Margrét Urður Snorradóttir.

Skólameistari, Helgi Ómar Bragason.

Áheyrnarfulltrúar, Anna Alexandersdóttir fyrir hönd foreldra, Jóney Jónsdóttir, fyrir hönd starfsmanna, Ásbjörn Þorsteinsson, fyrir hönd nemenda og Þorbjörn Rúnarsson, áfangastjóri og ritari.

Dagskrá:

1. Fundargerð 111. fundar lögð fram til samþykktar.
1. Fjárhagsáætlun ME 2013 og bráðabirgðaniðurstaða rekstarar 2012. Rekstarniðurstaða Mötuneytis ME 2011-2012 kynnt.
2. Staða skólanámskráargerðar.
3. Skólasamningur ME og ráðuneytis menntamála fyrir 2013-2014.
4. Starfsmannamál. (Reynsla af aðkeyptri ræstingu o.fl.)
5. Önnur mál.

Gengið til dagskrár:

1. Fundargerð 111. fundar staðfest

Ekki voru gerðar nýjar athugasemdir við fundargerð 111. fundar og hún samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun og bráðabirgðaruppgjör fyrra árs.

Birt áætlun er fimmta útgáfa áætlunarinnar og bráðabirgðaruppgjör 2012. Niðurstaða 2012 er nánast endanleg. Rekstarniðurstaða ársins breyttist nokkuð um miðjan janúar, þegar inn kom um 9 milljóna uppgjör vegna leiðréttinga fyrir sérkenntu og tengdra mála. Reksturinn umpólaðist við þetta, úr tæpum milljóna halla í 5 milljóna rekstrarafgang. Helgi benti á að hann hafi fengið fjölda athugasemda frá ráðuneyti vegna hallarekstrar á árinu en samt kom árið út í plús. Í júní var rekstrarstaðan mun verri en lokauppgjör sýnir. Helgi nefndi að það eigi eftir að gera upp kennslu eins nemanda sem er á Hallormsstað.

Búið er að hækka rekstrarframlag ríkisins til skólans fyrir árið 2013 miðað við liðið ár. Aðalástæða þess er fjöldi „dýrra“ nemenda við skólann.

Ingunn spurði hvort það muni miklu að hafa 3 eða 7 nemendur á starfsbraut. Því var svarað þannig að þessir nemendur þurfa mikla aðstoð og umönnun og einstaklingsmiðað prógramm og því getur fylgt mikill kostnaður.

Helgi útskýrði sundurliðun á viðbótarfé sem skólinn fær til viðbótar við rekstrarlið á fjárlögum. Þetta er helst viðbót vegna námsorlofa, átaksverkefna .s.s „Nám er vinnandi vegur“, fjárukalög, framlag vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga og lokauppgjör vegna sérkenntu og ADL nemenda. Ljóst er að sérkennsla er að bólgna út í framhaldsskólunum líkt og í grunnskólunum. Það hefur myndast

þrýstingur á framhaldsskólastiginu vegna þessa. Næsta ár er m.a. von á fötluðum nemanda sem þarf mikinn stuðning.

Tekjur skólans reynast meiri en reiknað var með. Tekjurnar eru aðallega leigutekjur og heimavistargjöld nemenda. Einnig koma tekjur vegna útseldrar þjónustu, s.s. tækniþjónusta sem Austurbrú kaupir af skólanum. Einnig hefur skólinn fengið styrki vegna skólanámskrárgerðar samtals 5 milljónir á síðasta ári. Að auki átti skólinn inni 600 þús frá Sprotasjóði vegna verkefnis um nýja kennsluhætti. Þá bætist við styrkur vegna Comenius-verkefna sem skólinn tekur þátt í.

Við áætlunargerð er reynt að stilla reksturinn þannig að hann komi því sem næst út á sléttu. Helgi nefndi að fáir framhaldsskólar á landinu geti státað af jafn góðri rekstrarstöðu.

Stærstu liðirnir í áætluninni eru laun, 73% og húsnæði 20%. Einungis 7% fjárins standa undir öðrum rekstri. Helgi benti á að raunfjármagn sem skólarnir fá hefur lækkað um 15% frá hruni en nemendum hefði fjölgað á sama tíma.

Ingunn spurði hvort bætt staða geti boðið upp á kennslu í þeim greinum sem felldar hafa verið niður. Helgi benti á að hluti fjárins fari í að sinna nemendum á starfsbraut, en í skoðun er að taka aftur upp kennslu í viðskiptagreinum.

Hrafnkell spurði hvernig horfur séu með innritun á næsta hausti. Helgi nefndi að núverandi nýnemaárgangur sé sá stærsti í nokkurn tíma og ekki sé von á jafnstórum árgöngum á næstunni. Næsti árgangur er nokkru minni en '96 árgangurinn.

Spurt var um hver staðan væri á námsveri/útibúi á Vopnafirði. Helgi svaraði því til að slíkt sé ekki á dagskrá næsta haust. Vopnfirðingar bíði enn svara frá ráðuneyti, en ekki hafi verið reiknað með þessu í fjárlögum ársins 2013. Reynsla af svona útibúum hefur verið góð á öðrum stöðum. Helgi mun fara á fund í ráðuneytinu í apríl, þar sem hann mun kanna það hvort hægt verði að koma þessu í gang í haust.

Undir þessum lið var einnig lögð fram ársskýrsla mötuneytis skólans fyrir skólaárið 2011-2012. Í stuttu máli var rekstrarárið farsælt. Helgi hafði ekki átt von á svo góðri niðurstöðu, því á vorönn 2012 var nemendafjöldinn í sögulegu lágmarki. Staðan um síðastliðin áramót er líka góð. Hagnaður var í fyrra, en árið áður var tap. Það er nauðsynlegt fyrir mötuneytið að hafa nokkrar milljónir í sjóði, til að geta brugðist við óvæntum áföllum, s.s. veikindum. Ekki var farin sú leið að greiða til baka til vistarnemenda en Helgi vill meina að eðlilegt væri að greiða starfsmönnum mötuneytis umbun fyrir vel unnin störf.

3. Staða skólanámskrárgerðar

Arnar Sigbjörnsson, ritstjóri skólanámskrár mætti á fundinn og kynnti þá vinnu sem fer fram um þessar mundir við ritun skólanámskrár. Hann hefur sinnt því í hálfu starfi í vetur. Hann hefur verkstýrt námskrárferlinu, safnað gögnum sem fyrir liggja og komið því saman í drög að skólanámskrá. Stefnt er að því að senda námsbrautir til ráðuneytis fyrir lok febrúar. Þær eru nú fjórar talsins, alþjóða-, félagsgreina-, listnáms- og náttúrufræðibraut. Allar til stúdentsprófs. Vinna við framhaldsskólabraut er skemur á veg komin.

Sigurður og Ingunn spurðu hvernig nemendur fóti sig í nýju kerfi? Arnar svaraði því til að námsbrautirnar séu enn í mótun og nemendur fėti sig áfram eftir þeim. Varðandi breytt kennslufyrirkomulag benti Arnar á að kennarar séu undir miklu álagi og breytingarnar gangi mögulega nokkuð hægt. Ákveðið að ræða þetta betur síðar undir sama lið.

Arnar nefndi að brautalýsingarnar og áfangalýsingarnar eru komnar á heimasíðuna. Áfangalýsingarnar eru tengdar við námskrárgrunn ráðuneytisins. Námskrárgrunnurinn hefur verið í mikilli þróun hjá ráðuneytinu og hann hefur í raun ekki verið tilbúinn til að taka við gögnum frá skólanum fyrr en nú.

Arnar benti á að brautasmiðurinn sé ekki endanlega tilbúinn hjá ráðuneytinu, og gögn sem hann hafði sett inn virðast m.a.s. hafa horfið í grunninum. Arnar sýndi hvernig brautasmiðurinn er uppbyggður, hvað þarf að koma fram fyrir hverja braut, þ.e. lokamarkmið, áfangasamsetning, kjarni, bundið val og frjálst val, hvernig svokallaðir grunnþættir og lykilhæfnipættir eru uppfylltir ofl.

Skólanefndarfulltrúar eru sammála um að fela starfsmönnum skólans að ganga frá brauta- og áfangalýsingum til samþykktar í ráðuneyti menntamála.

Arnar kynnti svo drög að skólanámskrá, sem búið er að setja út á vefinn. Fjöldi yfirkafla eru í námskránni. Hver hefur nokkra undirkafla. Skólinn hefur birt þá hluta skólanámskrárinnar, sem er tilbúin.

Helgi ræddi að fara þurfi yfir ákveðna kafla skólanámskrárinnar á fundum skólanefndar og nefndi sérstaklega kaflinn um áherslur og stefnumörkun. Samkvæmt aðalnámskrá skal skólanefnd staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn skólafundar.

Sigurður nefndi að skólanefndin eigi helst að koma að hlutverki skólans í samfélaginu. Hvert skuli láta skólann stefna í framtíðinni. Eðlilegt væri að skólanefndin fengi þessi gögn til staðfestingar.

Í langtímaáætlun var stefnan sett á útgáfu skólanámskrár í vor.

Nefndarmenn telja ekki unnt að fara yfir allan texta námskrárinnar á fundi, en ljóst að fulltrúar þurfa að lesa valda kafla yfir og staðfesta. Halda þarf sérstakan fund til að fara yfir drög að skólanámskrá. Reiknað er með að funda um miðjan apríl.

Ingunn spurði um hvernig hin nýja námskipan kemur út

Nokkur umræða spannst um málið. Meðal atriða sem voru rædd var álag á kennara vegna of stækkandi námshópa, fjarnema, verkefnagerðar og verkefnayfirferðar. Einnig að búast megi við að álag sé mikið meðan verið er að breyta skipaninni. Rætt var að skoðanir á nýju námsskipaninni væru skiptar meðal starfsmanna. Bent var á að farið hefði verið af stað án mikils undirbúnings og mörgum hlutum var breytt samtímis. Teknir voru upp verkefnatímar, náminu skipt í spannir og nýir áfangar samkvæmt nýrri námskrá. Bent var á að álag væri slíkt að líklegt sé að einhverjir kennarar muni ekki standast það og mögulega hverfa af vettvangi.

Umræða skapaðist um áhrif kerfis á einkunnir og brottfall. Í ljós hefur komið að einkunnadreifing hefur lítið breyst en brottfall hefur snarmínkað.

Nefndarmenn kölluðu eftir álitni nemenda. Kannanir hafa sýnt að nemendum virðist líka betur og betur við kerfið. Fulltrúi nemenda á fundinum tók undir það. Álit foreldra á kerfisbreytingunni hefur ekki verið athugað, en slík könnun er á teikniborði starfshóps um innra mat í skólanum. Almennt töldu fulltrúar nefndarinnar heldur hafa heyrt jákvæð viðbrögð frá foreldrum í samfélaginu.

Helgi nefndi að skólastarf er í eðli sínu álagsstarf, ekki síst þar sem samkvæmt kjarasamningum sé um vinnu ársins komið fyrir á um 7 ½ mánuði, þ.e. skilgreindum kennsludögum. Námsmat hafi færst meira yfir í símat svo skilgreindir prófadagar í skóladagatali nýtast illa og veldur það enn meira álagi á kennslutímanum.

Mikið var rætt um leiðir til að draga úr álagi á starfsfólk. Helgi nefndi m.a. hvort halda mætti námskeið í kennsluháttum og námsmati, Anna og Sigurður nefndu einnig námskeið í tímastjórnun. Þorbjörn benti á að setja mætti upp handleiðslu sem stæði yfir á meðan á kennslu stendur. Jóney nefndi að starfsmannaviðtöl hafa setið á hakanum og það sé nauðsynlegt að taka þau upp sem fyrst. Jóney benti einnig á að núningur innan kennarahópsins hafi raunar hafist þegar tekist var á um hlutfall faga á brautunum, og nefndi 3. tungumálið sérstaklega. Ljóst er að kennarahópurinn þarf að fá fleiri tækifæri til að tjá sig um kerfið.

Nokkuð var rætt um hvers það væri að taka ákvörðun um framhald námsskipulagsins. Arnar nefndi að kannski væri hreinlegast að gefa það út að til standi að framlengja tilraunina um tvö ár og gefa kennurum tækifæri til að gera tillögur að úrbótum.

Sigurður lýsti þeirri skoðun sinni að alls ekki ætti að snúa til baka í eldra námsskipulag, búið væri að leggja mikla vinnu í breytingarnar.

Ingunn nefndi mikilvægi þess að starfsmenn fengju ríkuleg tækifæri til að ræða þessar breytingar.

Í lok umræðunnar lagði skólanefnd fram bókun:

Skólanefnd hvetur til þess að áfram verði haldið með hina nýju námskrá og nýja kennsluhætti og lýsir ánægju með gott og mikið starf. Í ljósi þess að mikið ber á álagi á kennara skólans hvetur nefndin stjórnendur til að leita leiða til að aðstoða kennara við að minnka vinnuálag sitt.

4. Skólasamningur ME og ráðuneytis menntamála.

Komið er að því að endurnýja skólasamninginn milli ráðuneytis og skólans. Verið er að tengja skólanámskrána við samninginn. Hann er í vinnslu og beðið er eftir að ráðuneytið geri athugasemdir við drög sem Helgi sendi. Helgi sendi nefndinni markmið sem reiknað er með að verði í samningnum. Helgi hafði útbúið langan markmiðakafla en nú vill ráðuneytið að markmiðin verði einungis um 10. Mikilvægt er að markmið séu mælanleg. Nú hefur samningnum verið breytt þannig að tengja skuli samninginn við skólanámskrána. Svo virðist sem skólanefnd þurfi ekki að samþykkja samninginn.

5. Starfsmannamál, m.a. reynsla af aðkeyptri ræstingu

Helgi ræddi reynslu af aðkeyptri ræstingu. Hún er ekki nógu góð. Það er ekki nægilega vel þrifið. Helgi hefur kvartað nokkrum sinnum en það lagast lítið í kjölfarið. Helgi telur að líklega sé tilrauninni

sjálfhætt í vor. Helgi leggur til að farið verði í svipað kerfi og áður og ræstingarfólk verði ráðið fyrir kennsluhúsið.

Helgi fór því næst almennt yfir starfsmannamál vetrarins. Hann renndi yfir þær breytingar sem urðu í haust og um áramót. Einnig lagði hann fram drög að breytingum á komandi sumri. Starfsmenn koma úr leyfum og aðrir fara í leyfi. Ljóst er að nokkur breyting verður á starfsmannahópnum í sumar.

6. Önnur mál

- a) Þorbjörn lagði fram fyrirspurn til nefndarinnar um hvort hún sé samþykkt því að skólinn styði kennara til náms- og skólaheimsóknarferðar til Vancouver í vor. Nefndin samþykkir að skólinn styrki kennara til þessarar ferðar. Endanleg upphæð var ekki ákveðin, en nokkrar leiðir voru ræddar, s.s. að skólinn greiddi gistingu í ferðinni.

Helgi vill leggja til að jafna aðstöðumun starfsmanna að einhverju leyti, með því að styrkja þá starfsmenn sem geta ekki fengið styrk frá viðkomandi stéttarfélagi.

Önnur mál ekki fleiri.

Fundi slitið 20:30

Fundargerð ritaði Þorbjörn Rúnarsson